

Ed.

### **486. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um verzlunarbækur (þingskjal 463.)

Frá nefndinni.

Við 3. gr.

1. Í stað setningarinnar: »Í Höfuðbók skal rita reikning einstakra viðskiftavina«, komi:  
Í Höfuðbók skal rita samanlagðar upphæðir þær í krónum og aurum, er úti látnar eða innlagðar vörur nema í hvert sinn samkvæmt frumbókinni.

Við 4. gr.

2. Upphaf 4. gr. orðist svo: Það varðar sektum eða fangelsi eftir atvikum o. s. frv.

Við 7. gr.

3. Til viðbótar 7. gr. komi: alt að tveimur árum.

Við 8. gr.

4. Á eftir orðinu »rituð« í 3. línu greinarinnar að ofan, komi: (samanber 2. gr.).